

Umbótaáætlun Grandaskóla

YTRA MAT - NÁM OG KENNSLA - 2019

Umbótaáætlun vegna ytra mats
REYKJAVÍKURBORG | SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Ytra mat

Víkuna 18.-22. nóvember 2019 var gerð úttekt á starfsemi Grandaskóla af matsteymi skóla- og frístundasviðs. Matið byggir á [gæðaviðmiðum](#) um skólastarf og var kafli um nám og kennslu (kafli 2) metinn í Grandaskóla. Að ytra mati loknu er gefin út skýrsla þar sem niðurstöður matsins eru dregnar saman í styrkleika skólans og tækifæri til umbóta. Í kjölfar þess útbjó skólinn þessa umbótaáætlun út frá niðurstöðum matsins/skýrslunnar og er hún birt opinberlega samhliða birtingu skýrslunnar á heimasíðu skólans og heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Í umbótaáætlun þessari má sjá yfirlit/áætlun yfir þær umbætur sem fyrirhugaðar eru samkvæmt niðurstöðum mats.

Þátttaka hagsmunaaðila í gerð umbótaáætlunar og áherslur:

Stjórnendur skólans hafa unnið að umbótaáætlun og úrbótum. Að verkefninu hafa einnig komið verkefnastjórar ásamt þróunarhópi skólans.

Grandaskóli - Yfirlit niðurstaðna ytra mats í nóv. 2019

Nýr litaskali var gerður með nýjum viðmiðum. Þess vegna eru prófilar skóla ekki samanburðarhæfir á milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2014 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 - 4,0 A		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5 B		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5 C		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5 D		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Niðurstöður ytra mats fyrir Grandaskóla Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námsvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

2. kafli: Nám og kennsla							
2.1. Inntak og námsskrá	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2.1.	Birta ætti skólanámskrá með öllum þáttum sem tilgreindir eru í aðalnámskrá.	Þeir þættir sem enn er ólokið unnir og birtir á heimasíðu	ÖH/VG	1.4.2020	1.10.2020	Metið sem lokið þegar sýnilegt á heimasíðu	Sýnilegt á heimasíðu
2.1.	Gera betur grein fyrir hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda.	Unnin verður texti í starfsáætlun og námskrá skólans þar sem gert er grein fyrir hvernig unnið er með lykilhæfni og hvernig hún er metin	ÖH	1.5.2020	1.10.2020	Metið sem lokið þegar sýnilegt á heimasíðu	Sýnilegt sem texti í starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu
2.1.	Gera betur grein fyrir tengslum grunnþáttanna við nám og kennslu.	Unnin verður texti í starfsáætlun þar sem gert er betur grein fyrir hvernig unnið er með grunnþætti náms og hvernig þeir fléttast inn í skólastarfið	ÖH	1.5.2020	1.10.2020	Metið sem lokið þegar sýnilegt á heimasíðu	Sýnilegt sem texti í starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu
2.1.	Setja ætti fram í náms- og kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun skuli háttað með einstaklingsmiðun að leiðarljósi.	Vinna leiðbeiningar sem koma fram í sniðmáti kennsluáætlana um hvernig einstaklingsmiðun er háttað. Stuðst verður við leiðsagnarnámsfræði.	ASG	1.5.2020	1.1.2021	Metið sem lokið þegar sýnilegt í kennsluáætlunum og á heimasíðu	Sýnilegt sem texti í kennsluáætlunum sem eru aðgengilegar á heimasíðu
2.1.	Kynna ætti heildaráætlun um stuðning fyrir öllu starfsfólki skólans.	Kynning á starfsmannafundi að hausti ár hvert	ÖH	15.08.2020	15.09.2020	Metið sem lokið þegar kynning hefur farið fram	Kynningu lokið

2.1.	Stuðningur við einstaka nemendur, þ.m.t. fjölmörg börn, þarf að vera skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá.	Búa til ferla og viðmið um hvernig einstaklingsnámskrár eru unnar og fyrir hverja. Tryggja þekkingu starfsmanna við gerð einstaklingsnámskrár.	ÖH	15.08.2020	1.1.2021	Metið sem lokið þegar ferlar hafa birst í starfsáætlun	Sýnilegt sem texti í starfsáætlun
2.2. Árangur til náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2.2.	Tryggja þarf að niðurstöður allra kannana/skimana séu kynntar hagsmunaaðilum.	Búa til hnapp á heimasíðu til að auðvelda aðgengi að upplýsingum. Hagsmunaaðilum kynnt sérstaklega t.d. skólaráði	ÖH/VG	15.08.2020	15.09.2020	Metið sem lokið þegar hnappur er aðgengilegur á heimasíðu og kynntur hagsmunaaðilum	Kynningu lokið og hnappur aðgengilegur á heimasíðu
2.2.	Leggja ætti áherslu á að unnið sé markvisst með niðurstöðurnar allra kannana.	Unnin verði aðgerðaáætlun fyrir hverja skimun. Þar mun koma fram hvernig unnið verður með niðurstöður skimanna innan skólans og hvernig niðurstöður eru kynntar.	ÖH	15.08.2020	15.09.2020	Metið sem lokið þegar aðgerðaáætlun fyrir hverja skimun er sýnileg í starfsáætlun	Aðgerðaáætlun sýnileg í starfsáætlun sem er aðgengilega á heimasíðu
2.3. Gæði kennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2.3.	Setja fram hvernig komið er til móts við bráðgera nemendur.	Útbúin verða almenn viðmið sem verða í starfsáætlun. Nánari útfærslur hvers árgangs sýnilegar í kennsluáætlunum.	ASG	1.06.2020	1.10.2020	Metið sem lokið þegar gert hefur verið grein fyrir	Sýnilegt sem texti í starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu

2.3.	Leggja meiri áherslu á að kynna öllum nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur.	Unnið með leiðir á sviðsfundum til að gera nemendum betur grein fyrir námsmarkmiðum og viðmiðum. Leiðsagnarnámsfræði.	ASG	15.08.2020	15.06.2021	Metið með rýni fundum með hverju sviði. Einnig með viðtölum við nemendur.	Ábendingar til kennara um leiðir liggja fyrir
2.3.	Tryggja að í einstaklingsnámskrám sé skráð á ítarlegan hátt hvernig tilhögun stuðnings er háttað.	Námskeið fyrir kennara sem vinna einstaklingsnámskrár. Eftirfylgni með gerð einstaklingsnámskrá.	ÖH/ASG	15.08.2020	15.06.2021	Metið með því að bera saman fjölda einstaklinga í sértækum stuðning við fjölda einstaklingsnámskráa	Sami fjöldi verði með einstaklingsnámskrá og eru skilgreindir með sértækan stuðning.
2.4. Skipulag náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2.4.	Sóknarfæri eru í að efla notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi nemenda.	Leitað verði leiða til að haldin verði námskeið fyrir kennara til styrka þá til að nýta sér möguleika samskipta tækni í námi nemenda.	ÖH/ASG	15.08.2020	15.06.2021	Hugmyndir rýndar og framkvæmd skoðuð í hverjum árgangi og árangur metin.	Sýnileg aukning á notkun samkvæmt samtölum við kennara og dæmum um verkefni.
2.5. Námsvitund	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2.5.	Auka þarf þátttöku allra nemenda við að vinna með markmið námsins, læra að setja sér markmið tengd hæfni og skipuleggja nám sitt.	Unnið samhliða vinnu kennara við að innleiða leiðsagnarnám. Finna leiðir til að efla nemendur í að setja sér markmið. Haldin verði námskeið til að styrkja kennara í þessari vinnu.	ASG	15.08.2020	15.06.2021	Hugmyndir rýndar og framkvæmd skoðuð í hverjum árgangi og árangur metin.	Skýringar kennara og nemenda í samtölum bendi til að þeir hafi aukið námsvitund sína með markmiðsetningu.

2.5.	Nemendur sem þurfa stuðning og foreldrar þeirra ættu að vera með í ráðum um námsmarkmið.	Forma betur í einstaklingsáætlun. Kennarar passi að þetta komi fram í áætlunum.	ASG	15.08.2020	01.01.2021	Metið með samtali við foreldra þeirra nemenda sem hafa einstaklingsnámskrá.	Jákvæð ummæli foreldra um gerð einstaklingsnámskrá og upplýsingar sem þar koma fram.
2.6. Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2.6.	Huga þarf að því að setja upplýsingar og umræður réttindaráðs á heimasíðu skólans svo þær séu öllum nemendum aðgengilegar.	Birta fundargerðir og ályktanir réttindaráðs á heimasíðu skólans.	ÖH/HM	01.10.2020	01.10.2020	Hnappur á heimasíðu	Hnappur á heimasíðu með fundargerðum og ályktunum